

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
b.t. Jóhanns Guðmundssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2011

Efni: Umsögn frá Samfylkingunni um Skýrslu samráðsvettvangs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýtingu helstu nytjafiska

Þann 1. nóvember sl. barst Samfylkingunni beiðni um umsögn um skýrslu samráðsvettvangs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýtingu helstu nytjafisk, dagsett í júní 2011. Skrifstofa Samfylkingarinnar sendi beiðnina til forystusveitar atvinnumálanefndar flokksins sem vann eftirfarandi umsögn:

Því er fagnað að ráðist skyldi í þessa úttekt. Aukin sátt um forsendur sjávarútvegs á Íslandi er mjög mikilvæg. Aukið samráð og samábyrgð fleiri aðila þar sem reynsla og þekking sjómanna og útgerðarmanna er nýtt við rannsóknir og mótun aflareglna er skref í rétta átt. Mikil umræða hefur verið um leiðir til þessa á síðustu árum og má benda á að á 138. löggjafarþingi komu fram tvö þingmannafrumvörp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 sem bæði gengu í þá átt. Annað var frumvarp Ólínu Þorvarðardóttur um aukinn sveigjanleika við hafrannsóknir m.a. með vísindaveiðum á þorski. Þar segir m.a. í greinargerð: „*Breytingin miðar að því að tryggja að vísindaveiðar fari fram undir vísindalegri stjórn á vettvangi hefðbundinna veiða þar sem stuðst er við rannsóknargögn, fengin á vettvangi, og þar sem reynsla og þekking sjómanna nýtist við vísindalega úrvinnslu þeirra gagna sem verða til við veiðarnar. Þar með er unnt að taka mið af reynslu og þekkingu sjómanna á Íslandsmiðum sem mikilsvært er að nýtist við mat á fiskistofnunum við landið um leið og stjórnvöld hafa þá einnig gleggri upplýsingar að miða við þegar ákvarðanir eru teknar um aflamark fisktegunda og sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna. Til að tryggja sem breiðastan þekkingargrunn fyrir stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun að vinna með má gera ráð fyrir því að yfirumsjón slíkra veiða verði á höndum sjálfstæðra vísindastofnana, hérlendra eða erlendra, sem ýmist starfa sjálfstætt eða í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og útvegsmenn.*“ Hitt var frumvarp Ásbjörns Óttarssonar og fleiri þar sem gert var ráð fyrir aflaráðgefandi nefnd, skipaðri fulltrúum hagsmunaaðila sem skili sínum tillögum til sjávarútvegsráðherra um leið og Hafrannsóknarstofnun skilar sínum. Í greinargerð segir m.a.: „*Tillögum og ráðgjöf aflaráðgefandi nefndarinnar er ætlað að styrkja ákvörðun ráðherra um ákvörðun á heildarafla. Nefndinni er ætlað að brúa þá gjá sem nú er milli veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og reynslu sjómanna á stærð einstakra fiskistofna,*

auk þess að bæta við þekkingu vísindamanna Hafrannsóknastofnunarinnar með samanburði við niðurstöður togararalls.“

Í skýrslu samráðsvettvangsins kemur fram sú niðurstaða vinnuhópsins að bæði sú nýtingarstefna og aflareglur sem mótaðar hafi verið fyrir þorsk standist í öllum aðalatriðum fræðilega skoðun. Hópurinn leggst því gegn hækkun veiðihlutfalls við núverandi aðstæður. Ekki hefur verið farið yfir fræðilegar forsendur þessarar niðurstöður en almenn varkárni í umgengni við auðlindir er studd. En samráðsvettvangurinn bendir réttilega á hve umdeildur grundvöllur nýtingarstefnunnar hefur verið og tekur að vissu leyti undir gagnrýni á það hvernig staðið hefur verið að tillögugerð og ákvarðanatöku. Starfshópurinn leggur því til að nú þegar hefjist formleg endurskoðun á bæði nýtingarstefnu og aflareglu fyrir þorsk með skipulögðu samráði og kynningu. Tekið er undir slík vinnubrögð og hugmyndir samráðsvettvangsins um svokallaða samráðsstjórnun eða „co-management“. Gagnsærra vinnuferli þar sem fleiri koma að, víðtækt samráð og kynning er líklegt til að skapa sátt um nýtingarstefnu til frambúðar.

Samkvæmt skýrslunni er lagt til að forysta samráðsins verði í höndum stjórnarsýslunefndar um nýtingarstefnu fyrir nytjafiska. Þar eigi sæti fulltrúi auðlindaskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem stýrði nefndinni, einn fulltrúi Hafrannsóknastofnunarinnar, einn fulltrúi útgerðaraðila, einn fulltrúi sjómanna, einn fulltrúi fiskvinnslu og þrjár utanaðkomandi og óháðir sérfræðingar sem skulu vera færir um að meta hagfræðilegar, líffræðilegar, félagsfræðilegar, tölfraðilegar og umhverfisfræðilegar forsendur nýtingarstefnu. Þarna er farin sú leið að blanda saman fulltrúum hagsmunaðila, fulltrúum Hafrannsóknarstofnunar og ráðuneytis og utanaðkomandi óháðum sérfræðingum. Slík samsetning er að mörgu leyti ákjósanleg og mikilvægt að hægt sé að fylgja eftir þeim ákvæðum í skýrslu starfshópsins þar sem kröfur eru gerðar til fulltrúa í stjórnarsýslunefndinni svo sem að hugsa fyrst og fremst um sameiginlega hagsmuni og starfa í krafti eigin þekkingar en forðast sérhagsmunagæslu. Þá er ekki síður mikilvægt að nefndinni er heimilt að leita ráðgjafar og aðstoðar eins og hún telur nauðsynlegt.

Fyrir hagsmuni þjóðarinnar og sjávarútvegsins er eftirfarandi lykilatriði: „Grunnskilyrði í störfum nefndarinnar er að nýtingarstefnan fullnægi skilyrðum um sjálfbærar nytjar viðkomandi tegunda og að stefnan leiði til eins stöðugrar aflapróunar og hægt er að búast við.“

Af skýrslunni má ráða að þessi stjórnarsýslunefnd hefji þegar endurskoðunina og vinni að mótun nýtingarstefnu og aflareglna í víðtæku samráði. Það vinnuferli er dregið nokkuð skýrt fram og uppfyllir þær kröfur sem eðlilegt er að gera til þess. En ekki kemur fram hvort stjórnarsýslunefnd af þessu tagi sé ætlað eitthvað hlutverk til framtíðar við ráðgjöf byggðri á nýtingarstefnunni eða hvort sú ráðgjöf verði eingöngu Hafrannsóknarstofnunar og stjórnarsýslunefndin einbeiti sér að gerð fimm ára nýtingaráætlana fyrir hvern nytjastofn fyrir sig. Svarið við því gæti mótast í sjálfri endurskoðuninni.

Þess er helst saknað úr skýrslu samráðsvettvangsins að ekki skuli fjallað nánar um hvernig bæta mætti sjálfar rannsóknirnar og nýta betur reynslu og þekkingu sjómanna og útgerðarmanna sbr. efni frumvarps Ólínu Þorvarðardóttur og fleiri sem vísað var til hér að framan. Eðlilegt er að bæta tillögugerð um slíkt vinnulag við verkefni þeirrar stjórnarsýslunefndar sem lagt er að komið verði á fót. Þess er vænst að úttekt á færum leiðum í því efni verði hluti af þeirri vinnu sem framundan er við endurskoðun og mótun nýtingarstefnu og aflareglna.

Vettvangurinn segir að bæði aflareglan og forsendur hennar njóti takmarkaðs skilnings meðal hagsmunaaðila og almennings og að oft heyrist gagnrýnisraddir í hennar garð. Hluti af þeirri gagnrýni á „kvótakerfið“ sem gjarnan heyrist tengt kröfum um róttækar breytingar á því snýr raunar ekki að aflamarksfyrirkomulaginu eða nýtingarstefnunni sem slíkri heldur að því hvernig staðið er að úthlutun nýtingarheimilda og skilaleið auðlindarentunnar til þjóðarinnar sem eiganda auðlindarinnar. Þarna þarf að skilja á milli í opinberri umræðu og auka einnig upplýsingar og vitund um muninn á þessum þáttum. Skýrsla starfshópsins er m.a. framlag til slíkrar upplýstrar umræðu. Í umræðunni er að auki oft ruglað saman auðlindarentuskatti eða annars konar innheimtu auðlindarentu annars vegar og hefðbundinni skattlagningu hins vegar. Vönduð úttekt á mismunandi aðferðum við úthlutanir nýtingarheimilda og kostum og göllum mismunandi skilaleiða auðlindarentu gæti verið farsælt næsta skref í gagnsærri umfjöllun um hagsmuni sjávarútvegsins í heild.

Því er fagnað að samráðsvettvangurinn skilgreini íslensku þjóðina í heild sem hagsmunaaðila þegar kemur að nýtingu sjávarauðlinda og þeirri opnu- og gagnsæju umræðu um nýtingarstefnu sem boðuð er sem hluti af samráðsstjórnun sameiginlegra auðlinda.

Með kveðju

Arnar Guðmundsson

Formaður atvinnumálanefndar Samfylkingarinnar